

30. apríl 2018

Nefndarsvið Alþingis

Atvinnuveganefnd

Mál: nr. 485/2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ferðamálastofu

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) senda hér með umsögn um frumvarp til laga um ferðamálastofu að eigin frumkvæði. Umsagnarbeiðni barst ekki frá atvinnuveganefnd til MAS þrátt fyrir að markaðsstofur landshlutanna séu í miklum samskiptum við Ferðamálastofu.

MAS tekur undir það sjónarmið ráðuneytis ferðamála að þörf sé á að afmarka og skýra vel hlutverk Ferðamálastofu. Ljóst er að skipulag verkefna innan stjórnslu ferðamála hefur þróast hægar en greinin sjálf á undanförunum árum líkt og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnslu ferðamála frá í október 2017.

Það vekur athygli að ekki er horft til þess veigamikla hlutverks sem Markaðsstofur landshlutana gegna í samhæfingu og samþættingu verkefna ferðaþjónustunnar um land allt í þessu lagafrumvarpi. Markaðsstofur landshlutanna hafa um langa tíð talað fyrir því að stjórnsluleg staða þeirra sé styrkt í lagaumhverfinu en í dag hafa þær að mestu komið í stað ferðamálasamtaka landshlutanna auk þess að sinna ýmiskonar verkefnum er varða samþættingu verkefna á sviði ferðamála á milli sveitarfélaga og ríkisins í landshlutunum.

Í dag fer öll fjárveiting ríkisins til markaðsstofanna í gegnum Ferðamálastofu án þess að hlutverk og tilverugrundvöllur þeirra sé varinn í nýjum lögum um Ferðamálastofu. Það er mjög mikilvægt að bæta úr þessu þ.e. að annað hvort séu fjárveitingarnar formlega færðar í annan farveg eða að tilverugrundvöllur markaðsstofanna sé tryggður í lögum um Ferðamálastofu.

Skipan og hlutverk Ferðamálaráðs

Í lögum um skipan ferðamála, sem með þessu frumvarpi munu falla úr gildi, er fjallað um skipan Ferðamálaráðs. Töluverðar breytingar er verið að gera á skipun Ferðamálaráðs en ráðinu er ætlað, eins og áður, að vera til ráðgjafar um langtíma stefnumótun og áætlanagerð í ferðamálum.

Tilnefningaraðili	Ný lög	Eldri lög
Ráðherra ferðamála	2	2
Ráðherra fjármála	1	
Ráðherra umhverfismála	1	
Ráðherra samgöngu- og byggðamála	1	
Ferðamálastjóri	1	
Samtök ferðaþjónustunnar	2	3
Samband Íslenskra sveitarfélaga	1	2
Ferðamálasamtök Íslands		2
Útflutningsráð		1
Samtals	9	10

Með breytingum á skipun í Ferðamálaráð er líklegt að margir ef ekki allir fulltrúar í Ferðamálaráði verði búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Það er með öllu óásættanlegt að aðkoma landsbyggðarinnar að þessu ráðgjafaráði sé ekki tryggt í lagatextanum með einhverjum hætti, þegar svona veigamiklar breytingar eru gerðar á tilnefningaraðilum. Vilja markaðsstofurnar ítreka hér með erindi sem sent var atvinnuvegaráðuneytinu þann 24. maí 2017 þar sem MAS leggur áherslu á aðkomu sína að Ferðamálaráði (sjá viðauka 1).

Búseta fulltrúa núverandi Ferðamálaráðs er með eftirfarandi hætti:

Tilnefningaraðili	Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Ráðherra ferðamála		2
Samband Ísl. svf.	1	1
Ferðamálasamtök Íslands	1	1
SAF	2	1
Útflutningsráð/Íslandsst.	1	

Í lögnum er einnig gerð sú breyting að Ferðamálaráði er „heimilt“ að skipa fagráð með tilnefningum frá ýmsum hagsmunaaðilum. Það er að okkar mati ekki nægjanlegt að treysta á aðkomu landsbyggðarinnar að samráði við Ferðamálaráð og í gegnum það við ráðuneytið með heimildarákvæði.

Okkur langar líka að benda á þá nýbreytni sem sett er fram í frumvarpinu að Ferðamálastjóri muni eiga sæti í Ferðamálaráði en áður var hann áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt. Það má velta því upp hvort það sé eðlilegt að sá aðili sem ber ábyrgð á eftirfylgni með stefnu stjórnvalda á landsvísu sé með atkvæðisbært sæti í ráðgjafaráðinu.

Markaðs- og kynningarmál

Í lögum um Ferðamálastofu er felld brott hlutverk þeirra á sviði markaðs- og kynningarmála. Ljóst er að töluvert verk er óunnið í kynningarmálum innanlands sem er það hlutverk sem Ferðamálastofa hefur haft með höndum. Skilningur á viðfangsefnum ferðapjónustunnar meðal almennings markast af upphrópunum í fyrirsögnum og oft er um verulegar rangfærslur að ræða sem hafa áhrif á ímynd og orðspor greinarinnar sem og samskipti greinarinnar við íbúana. Mikilvægt er að þessu hlutverki sem Ferðamálastofa hefur haft með höndum sé falið einhverjum að sinna því ekki er vanþörf á að vinna skipulega í þessum efnum.

Öryggisáætlanir

Töluvert hefur borið á því að miðlað sé myndum og upplifunum sem lið í markaðssókn fyrirtækja sem fela í sér áhættusama hegðun í íslenskri náttúru. Við viljum ítreka það sjónarmið okkar að hægt sé að bregðast við slíku með tilkynningu til Ferðamálastofu og að lagatextinn styðji við úrræði stofnunarinnar til að grípa inn í hvort sem fyrirtæki starfa við leyfisskylda starfsemi eða ekki.

Við beinum því til atvinnuveganefndar að rýna lagafrumvarpið með ofangreind sjónarmið í huga. Það er von okkar að ný lög um Ferðamálastofu verði til að skýra hlutverk, ábyrgð og stjórnslu ferðamála á Íslandi, öllu landinu til heilla.

Virðingarfyllst

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Norðurlands

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Austurbrú

Dagný Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Suðurlands

Rósa Gréta Ívarsdóttir, forstöðukona
Markaðsstofa Vesturlands

Díana Jóhannsdóttir, forstöðumaður
Markaðsstofa Vestfjarða

Þuríður H. Aradóttir Braun, forstöðumaður
Markaðsstofa Reykjaness

Viðauki 1

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

24. maí 2017

Umsögn markaðsstofa landshlutanna vegna breytinga á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

Markaðsstofur landshlutanna gera athugasemd við breytingu á 4. gr laga um tilnefningar á fulltrúum í Ferðamálaráð.

Í 4. gr laga um skipan ferðamála er lagt til að Félag leiðsögumanna tilnefni einn fulltrúa og Rannsóknarmiðstöð ferðamála einn fulltrúa í stað tveggja fulltrúa frá Ferðamálasamtökum Íslands. Ferðamálasamtök Íslands voru lögð niður í febrúar 2016 og er nú gerð sú breytingartillaga að þau eigi ekki lengur að tilnefna tvo fulltrúa í Ferðamálaráð. Helsta ástæða þess að Ferðamálasamtök Íslands voru lögð niður var stuðningur við markmið stjórnvalda um einföldun á stjórn- og stuðningskerfi atvinnugreinarinnar. Auk þess vildi aðalfundur Ferðamálasamtakanna stuðla að öflugri grasrótarvinnu í hverjum landshluta með vísan til vaxandi hlutverks markaðsstofa landshlutanna og samstarfs þeirra. Í samþykkt aðalfundar leggur fráfarandi stjórn Ferðamálasamtaka Íslands áherslu á mikilvægi hlutverks markaðsstofa landshlutanna sem víðast hvar hafa tekið við mikið af þeim verkefnum sem Ferðamálasamtökin höfðu með höndum og hvetur stjórnvöld til að standa þétt við bakið á markaðsstofunum.

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) leggja áherslu á aðkomu sína að Ferðamálaráði, en þær hafa víðtæka þekkingu á íslenskrri ferðaþjónustu og eru vel tengdar grasrótinni og þróun greinarinnar í hverjum landshluta enda með yfir 800 samstarfsfyrirtæki á bak við sig og 65 sveitarfélög.

Markaðsstofur landshlutanna óska því eftir því að tilnefningar fulltrúa í Ferðamálaráð, sem áður voru á höndum Ferðamálasamtaka Íslands, verði færðar yfir til markaðsstofanna.

Fyrir hönd markaðsstofa landshlutanna,

Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Norðurlands

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Austurbrú

Dagný Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri
Markaðsstofa Suðurlands

Kristján Guðmundsson, forstöðumaður
Markaðsstofa Vesturlands

Díana Jóhannsdóttir, forstöðumaður
Markaðsstofa Vestfjarða

Puríður H. Aradóttir Braun, forstöðumaður
Markaðsstofa Reykjaness